

## VISTVÆNNI VIÐBURÐIR & FUNDIR

<b>1.</b>	<b>Umhverfisáhrif viðburða .....</b>	<b>1</b>
1.1	Almennt .....	1
1.2	Kostir vistvænni viðburða .....	1
<b>2.</b>	<b>Undirbúningur og framkvæmd.....</b>	<b>2</b>
2.1	Þörf?.....	2
2.2	Val á húsnæði .....	2
2.3	Framkvæmd .....	2
2.4	Mat.....	2
<b>3.</b>	<b>Útisamkomur .....</b>	<b>2</b>
<b>4.</b>	<b>Árshátíðir .....</b>	<b>3</b>
<b>5.</b>	<b>Aðgerðir grænna skrefa fyrir viðburði og fundi.....</b>	<b>3</b>
5.1	Skref 1.....	3
5.2	Skref 2.....	3
5.3	Skref 3.....	4
5.4	Skref 4.....	4

### 1. Umhverfisáhrif viðburða

#### 1.1 Almennt

Allir viðburðir, þar sem fjöldi manns kemur saman, geta haft neikvæð umhverfisáhrif. Það er ýmislegt sem þar kemur til. Samgöngur: fólk þarf mögulega að ferðast lengri leiðir til að komast á samkomustaðinn; raforkunotkun: oft þarf að lýsa upp meira en bara fundarsalinn, kannski líka anddyrið, bílageymsluna og jafnvel fleiri hæðir, eingöngu fyrir viðburðinn; pappírnotkun: stundum þarf að dreifa gögnum til þáttakenda; og síðast en ekki síst eru það veitingar og þá ekki bara maturinn heldur líka umbúðir. Gestirnir neyta náttúruauðlinda (orku, vatn), framleiða úrgang sem getur leitt til mengunar og stuðla óbeint að gróðurhússáhrifum með losun koltvísýrings. Öll þessi áhrif geta verið til staðar. Góðu fréttirnar eru þær að skipuleggjendur og þáttakendur viðburða geta verið meðvituð um þessi áhrif og minnkað þau allverulega með því að leggja áherslu á að viðburðurinn sé umhverfisvænn en þá þarf líka að taka tillit til allra atriða.

#### 1.2 Kostir vistvænni viðburða

Kostirnir felast ekki einungis í minnkun umhverfisáhrifa. Með því að vinna markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum viðburða þá er vakin athygli á vistvæna hugsun sem hefur ávinning fyrir marga, s.s. skipuleggjendur, gesti, þjónustuaðila, og samfélagið í heild sinni.

Ávinningur:

- Lægri kostnaður
- Bætt ímynd
- Aukin umfjöllun um vistvænan rekstur
- Áhrif á ákvarðanatöku annarra (skapar jákvætt fordæmi)

## 2. Undirbúningur og framkvæmd

### 2.1 Þörf?

Er þörf á fundi, eða viðburði? Er þörf á því að keyra á staðinn, fara langt? Því fjölmennari og lengri samkomur, því meiri eru umhverfisáhrifin. Kannski er hægt að stytta dagskránnu og sleppa veitingum. Hugsanlega má nota fjarfundabúnað og spara bæði tíma og orku. Ef aðeins tveir til þrír ætla að funda ætti að skoða möguleikana á fjarfundi / skype fundi til þess að spara akstur á milli staða.

### 2.2 Val á húsnæði

Ef fleiri en eitt húsnæði koma til greina verður að meta hvaða húsnæði hentar best fyrir áætlaðan fólksfjölda. Leitast skal við að minnka þá vegalengd sem þáttakendur þurfa að fara til að komast á staðinn og athuga aðgengi að húsnæðinu með almenningssamgöngum. Hugsa má um orkusparandi lýsingu og hitastig. Betra er að skipuleggja viðburði að degi til og nýta sólarljósið.

### 2.3 Framkvæmd

Í upphafi skyldi endann skoða, hafa ber í huga að öll aðföng veislunnar þurfa að falla innan þess ramma að vera endurnýtanlegar eða endurvinnanlegar. Umbúðir þarf að skoða sérstaklega. Best væri að fækka umbúðum sem mest þannig að veitingar séu helst umbúðalausar en ef umbúðir eru nauðsynlegar, að þá séu þær úr endurunnum og/eða umhverfisvænum efnum. Æskilegt er að útnefna ábyrgðaraðila eða vinnuhóp sem sér um að gera viðburðinn grænni í samræmi við punkta í skrefunum 4 (flokkur “Viðburðir & Fundir”). Umfang skipulagsvinnu fer eftir stærð samkomunnar og fjölda skrefa sem tekin eru í verkefninu. Gott samstarf við veitingaaðila, birgja og þeirra sem leggja til aðstöðuna er mikilvægt og um að gera að láta þá vita af ykkar umhverfisstefnu og skilyrðum. Frábært tækifæri gefst síðan til að vekja athygli gesta og fræða þau um umhverfismál með því að auglýsa vistvæna stefnu viðburðar um leið og viðburðurinn er kynntur.

### 2.4 Mat

Það er gefandi að meta árangur og skilvirkni verkefnisins eftir viðburðinn og reyna að setja upplýsingarnar fram í tölum (sparnaður, orkunotkun, magn úrgangs, ). Það gæti nýst vel í markaðssetningu fyrirtækis/stofnunarinnar og stuðlað að aukinni umhverfisvitund. Slík framtök sýna að skipuleggjendur þeirra kunna að taka ábyrgð á umhverfisáhrifum sínum.

## 3. Útisamkomur

Útisamkomur eru aðeins öðruvísi hvað áhrif á umhverfi varðar. Ef um hátíð er að ræða þá eykst neysla vara og þjónustu töluvert og ferska loftið eykur matarlystina. Ákveðnar breytingar verða á hegðun fólks og umhverfishættur aukast. Því er mikilvægt að huga að minnkun úrgangs á útisamkomum.

Mikilvægt er að:

- Hafa ílát undir flokkaðan úrgang og merkja þau skýrt og greinilega. Gott er að staðsetja þau saman á aðgengilegum stað.

- Hafa margnota diska, glös og borðbúnað (eða velja borðbúnað sem flokka má með lífrænum úrgangi og brotnar hratt niður í umhverfinu).
- Bjóða upp á umbúðalausar matvörur. Að öðrum kosti að draga eins mikið úr umbúðum og hægt er, hafa matinn í litlum eða umhverfismerktum umbúðum.
- Leggja áherslu á staðbundin aðföng, s.s. mat og drykkjarföng.
- Leita leiðbeininga um áætlaða skammta á mann þannig að ekki verði mikil matarsóun.

#### 4. Árshátíðir

Skipulag fyrir árshátíðir lýtur sömu lögmálum og skipulag annarra viðburða og ætti því að miða sig við gátlistann hér að neðan sem og framangreindar leiðbeiningar.

Þó skera árshátíðir sig úr vegna skreytinganna. Hafa skal í huga að blöðrur eru úr plasti sem ekki er hægt að endurvinna og blöðrur sem sleppa út í andrúmsloftið valda miklum skaða á lífríkinu. Æskilegt er að lágmarka skreytingar úr plasti vegna þess að plast er framleitt úr jarðefnaeldsneytum og framleiðsla þess er jafn mikið loftslagsvandamál og flugsamgöngur til dæmis. Best er að velja skreytingar úr náttúrulegum efnivið framyfir skreytingar úr gerviefnum, sérstaklega þar sem skreytingar vilja oft verða einnota. En svo er líka allt í lagi að nota sömu skreytingarnar aftur og aftur, þannig að það er ágætt að hugsa fyrir því að skreytingarnar geti verið margnota.

Að fá lánað eða kaupa skreytiefni af nytjamörkuðum er einnig góður kostur. Það lágmarkar a.m.k. framleiðslu á nýju efni.

#### 5. Aðgerðir grænna skrefa fyrir viðburði og fundi

##### 5.1 Skref 1

Græn Skref	Grænt	Athugasemdir/Lausnir
Við bjóðum upp á kranavatn en ekki vatn í einnota drykkjarumbúðum	<input type="checkbox"/>	
Í kynningarefni um fundi eða viðburði á okkar vegum hvetjum við þátttakendur til að huga að umhverfinu og nýta sér vistvæna ferðamáta til og frá viðburðum	<input type="checkbox"/>	
Við kaupum ekki einnota drykkjarmál og borðbúnað, ef ekki er komist hjá því eru notaðar umhverfismerktar vörur (t.d. pappamál). Bent er á borðbúnaðarleigu fyrir stærri viðburði.	<input type="checkbox"/>	
Servíettur eiga að vera úr endurunnum pappír og umhverfisvænar	<input type="checkbox"/>	
Á öllum viðburðum er úrgangsflokkun á staðnum, að lágmarki 3 flokkar (pappír, plast og drykkjarumbúðir með skilagjaldi)	<input type="checkbox"/>	

##### 5.2 Skref 2

Græn Skref	Grænt	Athugasemdir/Lausnir
Á viðburðum tryggjum við að gögnum og vörum sé eingöngu dreift ef nauðsyn krefur.	<input type="checkbox"/>	

Við höfum aðgang að fjarfundabúnaði, starfsmenn kunna á hann og nota þegar hægt er.	<input type="checkbox"/>	
Starfsmenn nota vistvæna ferðamáta á viðburði eins og kostur er (t.d. hjól, samakstur og rútuferðir).	<input type="checkbox"/>	
Við bjóðum upp á máltíðir og snarl í umhverfisvænum umbúðum.	<input type="checkbox"/>	
Gestir hafa aðgang að ílátum undir flokkaðan úrgang, að lágmarki fyrir pappír, plast og skilagjaldsumbúðir á öllum viðburðum og útisamkomum á okkar vegum. Ílátin skulu vera vel merkt.	<input type="checkbox"/>	
Á öllum fundum og viðburðum á vegum vinnustaðarins eru ekki notuð einnota smábréf undir t.d. vökva, salt, sykur sósur o.fl. eftir því sem við verður komið.	<input type="checkbox"/>	

### 5.3. Skref 3

Til að koma í veg fyrir myndun úrgangs á fundum og viðburðum á okkar vegum notum við margnota ílát undir t.d. vatn, salt, sykur og mjólk og veljum vörur í stærri einingum.	<input type="checkbox"/>	
Á viðburðum innandyra er eingöngu boðið upp á umbúðalausar veitingar og servíettur úr endurunnum pappír.	<input type="checkbox"/>	
Við höfum aðgang að fjarfundarbúnaði og notum hann þegar mögulegt er.	<input type="checkbox"/>	
Þegar boðið er upp á mat er einnig boðið upp á vegan möguleika.	<input type="checkbox"/>	

### 5.4. Skref 4

Við takmörkum orkunotkun á viðburðum á okkar vegum, t.d. með orkusparandi lýsingu.	<input type="checkbox"/>	
Ef boðið er upp á veitingar á viðburðum okkar bjóðum við upp á lífrænt ræktaðar og/eða siðgæðisvottaðar (Fair Trade) vörur. Upplýst er um hvaða vörur eru vottaðar.	<input type="checkbox"/>	
Á viðburðum okkar og fundum bjóðum við upp á umbúðalausar eða mjög umbúðalitlar veitingar.	<input type="checkbox"/>	
Ef veitingar frá viðburðum verða afgangur er leitað leiða til að forða þeim frá því að enda sem úrgangur, til dæmis með því að gefa hjálpsamtökum eða bjóða starfsmönnum að taka með sér heim.	<input type="checkbox"/>	

Munið að prenta einungis blaðsíður 3 og 4 og þá báðum megin á pappírinn.